Virkni sjálfprófunarbúnaðar (Autotest)

Búnaðurinn prófar lampann á tvo vegu. Annars vegar er virkniprófun, á 15 daga fresti, sem tekur 20 sekúndur. Og hins vegar er prófun á rafhlöðu, á 90 daga fresti, sem prófar hvort ljósið logi í uppgefinn tíma.

Til að endurstilla tímasetningu á prófunum (t.d. hvenær dags og/eða hvaða dag) þarf að rjúfa straum að lampanum í 7-8 sekúndur.

Stöðuljós:

Grænt stöðugt: Lampinn í lagi

Grænt blikkar: Prófun í gangi

Rautt stöðugt: Bilun í rafbúnaði

Rautt blikkar hægt: Prófun á rafhlöðu mistókst

Rautt blikkar hratt: Rafhlaðan ónýt

Ath. Í einni framleiðslulotu 2021 var Vialed Evo Minibox framleiddur með gulu stöðuljósi í stað þess græna vegna skorts á grænum díóðum á markaði. Það hefur engin áhrif á vikni lampans.